

Hjá hæfnigreiningar- og námskrárteymi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) var á síðasta ári lögð megin áhersla á að yfirfara og endurskoða gögn og ferla í tengslum við hæfnigreiningar. Þeirri vinnu verður haldið áfram á þessu ári en aukin áhersla verður nú á endurskoðun og þróun námskráa.

Smiðjur

Námskráin *Opin smiðja* fékk fyrst vottun í tilraunaskyni árið 2011 og í framhaldi af því voru fjölmargar námslýsingar fyrir smiðju skrifaðar. Þær eru allar aðgengilegar á heimasíðu FA. Árið 2016 fékk námskráin formlega vottun og heitir nú *Smiðja*.

Nú er hafin vinna við endurskoðun á námslýsingunum með það að markmiði að samræma framsetningu þeirra og tengja hæfniviðmiðin betur við hæfniviðmið námskrárinnar *Smiðja*. Mikilvægt er að fræðsluaðilar komi að þeirri vinnu, eins og kostur er, þar sem námslýsingarnar voru upphaflega unnar af þeim með aðkomu FA. Leitað verður til þeirra eftir því sem við á í þessari vinnu.

Að lokinni endurskoðun námslýsinganna verður lagt af það fyrirkomulag að fræðsluaðilar þurfi að sækja um heimild til að fara af stað með smiðjur. Í staðinn þarf að skrá nafn þeirrar námslýsingar sem ætlunin er að kenna í INNU.

Fræðslusjóður fjármagnar einungis þær smiðjur sem hafa fengið staðfestingu hjá FA. Ef fræðsluaðili ætlar að bjóða upp á nýja smiðju sem ekki er á lista FA þarf hann að byrja á því að fá námslýsinguna staðfesta hjá FA, sbr. upplýsingar sem koma fram í námskránni.

Kynningarmál hæfnigreininga

Ný útgáfa af kynningarbæklingi er komin á vefinn. Hann er aðgengilegur bæði í A4 formi sem þægilegt er að lesa á vefnum og einnig á A5 formi til útprentunar. Bæklingurinn er jafnframt kominn út á ensku þannig að nú er um að gera að kynna hæfnigreiningar fyrir áhugasömum erlendum samstarfsaðilum og gestum.

Hæfnigreiningar

Á síðasta ári var metfjöldi hæfnigreininga framkvæmdur en þá voru alls 17 störf hæfnigreind ýmist af FA eða samstarfsaðilum. Nánari upplýsingar um greiningarnar má finna í [árskýrslu FA](#).

Það sem af er þessu ári hafa tvær hæfnigreiningar farið fram, annars vegar á starfi í matvælaíðnaði og hins vegar á starfi áfengis- og vímuefnaræðgjafa sem var framkvæmd að beiðni heilbrigðisráðuneytisins. Fleiri greiningar eru í gangi, meðal annars í tengslum við verkefnið *Raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins*.

Þjálfun umsjónarmanna hæfnigreininga

Í febrúar var haldið endurmenntunarnámskeiði fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga þar sem farið var yfir greiningarferlið og hlutverk mismunandi aðila sem koma að hæfnigreiningum. Áherslan var á handbók fyrir umsjónarmenn hæfnigreininga og ákjósanlegt verklag við hæfnigreiningar. Þátttakendur miðluðu af reynslu sinni, gáfu hagnýt ráð og ræddu helstu áskoranir.

Áætlað er að bjóða upp á námskeið fyrir þá sem vilja gerast umsjónarmenn hæfnigreininga í september ef næg þátttaka verður. Áhugasamir mega gjarnan láta vita af áhuga sínum með því að svara [hér](#).